

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 12. apríl 2021
UST202104-046/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógarbyggðar 2015 - 2027 - Úthlið

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 7. apríl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógarbyggðar 2015-2027 fyrir Úthlið.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að frístundasvæðið F78 verður minnkað um 9 ha og því svæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Auk þess kemur fram að gert verður ráð fyrir að ný uppbygging verði um 260 m², aðallega lítil gistihús/smáhýsi, og að heildar byggingamagn verði allt að 1.850m². Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að við hönnun og uppbyggingu svæðisins verði áfram hugað sérstaklega að spilla landi sem minnst, m.a. til verndunar nútímahrauna. Í greinargerð kemur fram að skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er ofan til á svæðinu birkiskógur.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að nútímahraun njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á nútímahrauni ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauninu.

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.


Skv. kortasjá Skógræktarinnar er núverandi hæð birkis 2-3 metrar.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá útbreiðslu nútímahrauna á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://serstokvernd.ni.is/> og útbreiðslu náttúrulegra birkiskóga á heimasíðu Skógræktarinnar www.skogur.is.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur


Björn Stefánsson
sérfræðingur